VESTURBYGGÐ

# Vesturbyggð

Aðalstræti 63, 450 Patreksfirði, kt. 510694-2369, Sími 450-2300. Bréfsími 456-1142

SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ
Skj.fl. 10.7.2
Innk.
- 4. APR. 2008
Ábm. HG
Fskj.
Sl.R 08040052

Sjávarútvegsráðuneytið
Hinrik Greipsson
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Patreksfirði, 01. apríl 2008.
*0703045 RJOR*

**Efni: Reglur um byggðakvóta v/ breyttra forsenda**

Hér með óskar bæjarstjórn Vesturbyggðar eftir því að áður samþykktar breytttar reglur um úthlutun byggðakvóta til Bíldudals sbr. auglýsingu V nr. 603, 5, júlí 2007 verði feldar úr gildi og eftirfarandi reglur samþykktar:

Ákvæði reglugerðar nr. 439 frá 16. maí 2007 gilda með eftirfarandi viðaukum/ breytingum:

a) 1. gr. b liðar verður: eru skráð í viðkomandi sveitarfélagi 1. maí 2007.
b) 1. gr. c liðar verður: eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi 1. maí 2007. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.
c) Byggðakvóta Vesturbyggðar 102 þorskígildistonnum og byggðakvóta Bíldudals 137 þorskígildistonnum, samkvæmt bréfi sjávarútvegsráðuneytisins dags. 21. maí 2007, skal úthlutað til fiskiskipa samkvæmt lönduðum afla í Vesturbyggð, sem unninn hefur verið á Bíldudal, á tímabilinu 1. jan . 2008 til 31. mars 2008.
d) Ákvæði 4. gr. um 15 þorskígildislesta hámarksúthlutun og 100% aukningu aflaheimilda er fellt niður.

Virðingarfyllst,

Ragnar Jörundsson bæjarstjóri.